

## Heklaður kolkraffi

### EFNI:

- Heklunál st. 3 – 3,5
- 100% bómullargarn - Það er allt í lagi að nota afgangsgarn. Kolkraffarnir mega gjarnan vera mismunandi í útliti og stærð. Myndin hér fyrir neðan getur gefið ykkur nokkrar hugmyndir.
- Fylling - Tróð eða önnur trefjafylling, t.d. innihaldið úr púða. Passið bara að fyllingin verður að þola 60° heitan þvott, alveg eins og garnið.

### SKAMMSTAFANIR:

umf – umferð  
ly – lykkja  
fl – fastalykkja  
ll – loftlykkja  
sm – saman  
kl - keðjulykkja

### BÚKUR:

1. umf	6 fl í galdralykkju/töfralykkju
2. umf	2 fl í allar ly = 12 ly
3. umf	2 fl í 2. hverja ly = 18 ly
4. umf	2 fl í 3. hverja ly = 24 ly
5. umf	2 fl í 4. hverja ly = 30 ly
6. umf	2 fl í 5. hverja ly = 36 ly
7-14. umf	Engin útaukning = 36 ly
15. umf	*4 fl, 2 fl sm* samtals 6 sinnum = 30 ly
16-17. umf	Engin útaukning = 30 ly
18. umf	*3 fl, 2 fl sm* samtals 6 sinnum = 24 ly
19-20. umf	Engin útaukning = 24 ly
21. umf	*2 fl, 2 fl sm* samtals 6 sinnum = 18 ly
22. umf	Engin útaukning = 18 ly
23. umf	*7 fl, 2 fl sm* samtals 2 sinnum = 16 ly
24. umf	Engin útaukning = 16 ly
25. umf	Hér byrja armarnir: *1 fl, 50 ll, snúið við og gerið 2 fl í hverja ly, ljúkið með einni fl*

Endurtakið 7 sinnum, þannig að það séu alls 8 armar. Ljúkið með einni kl í síðustu ly og togið garnið í gegn. (Ef þið lendið í vandræðum með að láta armana snúast, heklið þá 3-4 fl í hverja ll í staðinn - sjá skýringamynd á [www.lindersverden.blogspot.dk/2013/04/spruttearme-et-lille-tip.html](http://www.lindersverden.blogspot.dk/2013/04/spruttearme-et-lille-tip.html))

**ATH! Af öryggisástæðum mega armarnir ekki vera lengri en 22 cm þegar þeir eru útteygðir – ef þeir mælast lengri en 22 cm þarf bara að hafa færri loftlykkjur. (Vegna kyrkingarhættu.)**

**Höfuðskraut:**

Geríð í sama lit og armarnir eru.

1. umf 5 fl í galdralykkju/töfralykkju
2. umf 2 fl í hverja ly = 10 ly
3. umf 2 fl í 2. hverja ly = 15 ly. Ljúkið með einni kl og togið garnið í gegn. Festið.

**AUGU:**

Heklið í einfaldan hvítan þráð. Það gerir 2 stk. (Í staðinn fyrir að hekla augu er hægt að nota hugmyndaflugið og sauma þau í). (Ekki nota tilbúin augu úr járni eða plasti því það er ekki víst að þau megi fara inn í hitakassann hjá fyrirburanum.)

1. umf 4 fl í galdralykkju/töfralykkju
2. umf 2 fl í hverja ly = 8 ly
3. umf 2 fl í 2. hverja ly = 12 ly. Ljúkið með einni kl og togið garnið í gegn. Festið. Saumið augasteina í miðju augans með svörtum þráð. Á myndinni er notað útsaumsgarn.

**FRÁGANGUR:**

Fyllið bókinn með tróði eða púðafyllingu og saumið höfuðskrautið á.

Festið augun á kolkrabbann og saumið munn á með eins mörgum sporum og þið viljið.

ATH! Uppskriftin er eingöngu til einkanota og má ekki nota til að selja uppskriftina eða kolkrabbann.

Þýðing: Berglind Baldursdóttir

fyrirburar.net